

Samtaka í sömu átt - eflum orðaforða og málskilning



Leikskólinn Vesturkot 2017 - 2018

Lokaskýrsla vegna styrkts úr Sprotasjóði 2017 -2018

Verkefnastjóri : Jónína Einarsdóttir

Samningur: UMS 5. 2017 -2018



Samtaka í sömu átt
- eflum orðaforða og málskilning

Leikskólinn Vesturkot
Lífsgleði-Leikur-Leikni
Miklaholt 1, 220 Hafnarfjörður
Sí: 565-0220
vesturkot@hafnarfjordur.is
www.leikskolinn.is/vesturkot



Samtaka í sömu átt
- eflum orðaforða og málskilning

Leikskólinn Vesturkot
Lífsgleði-Leikur-Leikni
Miklaholt 1, 220 Hafnarfjörður
Sí: 565-0220
vesturkot@hafnarfjordur.is
www.leikskolinn.is/vesturkot

Upplýsingar um verkefnið

Nafn skóla: Leikskólinn Vesturkot

Heiti verkefnis: Samtaka í sömu átt - eflum orðaforða og málskilning.

Verkefnastjóri: Jónína Einarsdóttir

Leikskólustjóri: Særún Þorláksdóttir

Númer samnings og styrkár: UMS 5. 2017 - 2018

Markmið verkefnis

Verkefnið Samtaka í sömu átt - eflum orðaforða og málskilning byggði á hugmyndafræði lærdómssamfélagsins. Einn af megin þáttum þess var að skapa lærdómssamfélag innan leikskólans. Í leikskólanum hafði þróun verið mikil á eldri deildum og lærdómshugsunin komin lengra. Með verkefninu var verið að leitast eftir að lærdómssamfélagið breyddist út meðal starfsmanna yngri deildanna.

Við höfðum áhyggjur af orðaforða barna leikskólans en undanfarið höfum við upplifað að orðaforði barnanna færi minnkandi. Á starfsdegi í febrúar 2017 var starfsmannahópnum skipt í hópa og allir hópar fóru í gegnum fjögur verkefni. Það voru „Gagnvirkur lestur“, „Málörvun í daglegu starfi og virk samskipt“, „Nýtt verklag - gerð vikuplans fyrir hópstjóra“ og „Ímovie forritið“. Á vordögum 2017 kviknaði áhugi á eldri deildum að útbúa orðaforðalista til að efla orðaforða barnanna. Sú hugmynd og vinna starfsdagsins lagði síðan línurnar að verkefninu Samtaka í sömu átt - eflum orðaforða og málskilning.

Leikskólinn Vesturkot hefur undanfarin ár unnið eftir þremur þemum:

„Ég sjálfur og líkaminn minn“

„Ég sjálfur og fjölskyldan mín“

„Ég sjálfur og umhverfið mitt“

Þessi þemu voru farin að tynast í skólastarfinu og var ákveðið að þemu leikskólans leggðu grunninn við gerð orðflokkaþess.

Í leikskólanum höfðum við verið að þróa skipulagsbækur eða svokallaða vinnuramma fyrir starfsmenn til að vinna eftir og til að undirbúa hverja viku fyrir sig. Þá var ákveðið að þessi orðaforðavinna yrði látin flæða yfir í þessa vinnuramma. Deildarstjórar og stjórnendur



töldu námsefnið *Lubbi finnur málbein* geta hjálpað til við verkefnið og því var ákveðið að óska eftir námskeiðum fyrir starfmenn í því kennsluefni.

Með þessa þætti að leiðarljósi var sótt um styrk í Sprotasjóð. Styrkurinn var samþykktur og hafist var strax handa á vormánuðum að hefja verkefnið.

Leiðin að markmiðunum

Verkefnið hófst á vormánuðum 2017 og unnið jafnt og þétt yfir skólaárið 2017 - 2018.

Fyrsti áfangi : Orðflokkar og orðakassar

Fyrsti áfanginn fól í sér að starfsmenn eldri deilda og sérkennari hófu gerð orðflokka eftir áramót 2017. Orðflokkarnir endurspegluðu þau þemu sem leikskólinn starfaði eftir og voru flokkuð eftir þemunum. Í fyrstu voru gerðir tveir orðflokkakassar sem voru tilbúnir á vormánuðum 2017. Við samþykki styrkveitingar frá Sprotasjóði var hafist handa við að útbúa einn orðflokkakassa á hverja deild þannig að í heildina eru orðflokkakassarnir fjórir í dag og allar deildir eiga sinn orðflokkakassa.




Annar áfangi : Fræðsla fyrir deildarstjóra og stjórnendur.

Upphaflega hugmyndin var að fara og skoða snemmtæka íhlutun á Akranesi til að efla stjórnendur deildanna. Í september hélt Ásthildur Bj. Snorradóttir afmælisráðstefnu sína og var ákveðið að fara frekar á þann viðburð. Þar voru mörg erindi sem öll tengdust Snemmtækri íhlutun og var þetta góður grunnur til að virkja alla deildastjóra af stað í upphafi verkefnisins. Ráðstefnan nýttist vel og var mikil ánægja meðal deildarstjóra að hafa fengið tækifæri til að sitja þess ráðstefnu.



Priðji áfangi : Lubbanámskeið

Við undirbúning verkefnisins var ákveðið að taka inn námsefnið *Lubbi finnur málbein* á allar deildir. Í umsókn til Sprotasjóð kom fram að nýta ætti hluta af styrknum til að kaupa það efni inn í leikskólann. Efnið var pantað og námskeið fyrir alla starfsmenn haldið í tengslum við það þann 25. september í sal leikskólans. Eyrún Ísfold Gísladóttir hélt námskeiðið um notkun efnisins og var mikil ánægja meðal starfsmanna með þessa fræðslu. Efnið fengum við strax að lokinni fræðslu og því var hægt að nýta efnið á öllum deildum strax í byrjum október. Á starfsmannafundi var ákveðið að allar deildir leggðu inn sama hljóðið í hverri viku og unnið væri eftir íslensku máhljóðunum og þeirri tileinkunnarröð en það byggir á íslenskri rannsókn á tileinkunnarröð (*Lubbi finnur Málbein*, bls 13).



Fjórdi áfangi : Fræðsla fyrir foreldra

Til að efla lærdómssamfélagið okkar enn frekar var tekin umræða á einum sprotafundinum um hvernig við gætum fengið foreldra til að koma að verkefninu. Þá var ákveðið að nýta okkur þekkingu og aðkomu Ásthildar Bj. Snorradóttur að verkefninu. Þá var rætt við Ásthildi og hún fengin til að halda erindi um Snemmtæka íhlutun fyrir foreldra. Erindið fór fram 26. Október, eftir fund foreldrafélagsins Kjarna. Til að ýta enn frekar á að foreldrar mættu sendum við út könnun á netinu þar sem foreldrar þurftu að svara hvort þeir kæmu eða kæmu ekki. Þessi litla könnun teljum við að hafi ýtt enn frekar við foreldrum þar sem mæting var mjög góð en erindið var um 1,5 klukkustund. Þar sem við höfðum sérstakar áhyggjur af pólskum tvítýngdum börnum hjá okkur var ákveðið að bjóða upp á sama erindið hjá Ásthildi viku seinna og hafa pólskan túlk. Góð mæting var



meðal pólskra foreldra og teljum við að erindið hafi skilað okkur miklu og hjálpað til við að fá samvinnu foreldra barna sem þurftu á snemmtækri íhlutun að halda.

Fimmti áfangi: Skipulagsbækur/verkefnammur

Þetta er einn af stærri þáttum verkefnisins en það er þróunin á skipulagsbókum leikskólans. Við erum búin að vera að þróa þetta verkefni undanfarið en það tók ákveðnum breytingum í þróunarverkefninu í vetur. Leitað var til starfsmanna á yngri deildum strax eftir fyrstu 6 vikurnar sem lagðar voru inn haustið 2017. Hvaða þætti í rammanum/skipulagsbókinni þyrfti að laga varðandi uppsetningu og þessháttar. Orðflokkaalisti var unninn í tengslum við gerð orðflokkaassans. Starfsfólk taldi mikilvægt að fá inn í skipulagsbækurnar þau orð sem unnið er með í hverri viku. Þróaðist því skipulagsbókin/verkefnammarnir eftir því sem leið á veturinn og er komin í ákveðið form núna. Næsta vetur verður skipulagsbókin með orðflokkanum enn frekar tengd inn í starf sérkennslunnar þannig að námið fléttist betur saman og þeir nemendur sem þurfa meira fái aukna þjálfun í orðum tengdum orðflokkanum. Þá er hugmyndin að vera búin að þjálfra sérkennslunemendur fyrr í orðflokkanum (orðunum) sem síðan á að vinna með inni á deild en þá ná þeir nemendur ákveðnum forskoti á hina nemendurna sem byggir þá upp sterkari sjálfsmýnd hjá þessum nemendum. Eftir veturinn hefur komið í ljós að það reyndist vel að starfsmenn fengu ekki allar vikur ársins í einni skipulagsbók heldur í nokkra vikna pökkum. Þá fóru starfsmenn að dýpka betur efnið sem þeir höfðu í höndunum sem einmitt var sá þáttur sem við vildum vinna betur með og var í anda lærdómssamfélagsins. Það var áberandi að starfsmenn sem skipulögðu sig vel og voru áhugsamir voru ánægðri í starfinu, sáu meiri árangur og áhuga hjá börnunum.

Wk. 2 - 5 jan	Mánudagur	Þennu: Eignarfró og fjölskyldu Þriðjudagur	Mikvöldagur	Fimmtudagur	Það er Bakur
Perdurur mamma afa bróðir systir dóttir stópa kona fjölskylda frændi ungbarni	VEPVA FJÖRNFRÓ LUBBA SARNA LÖG FRAMM SAGA	MYNDIST FJÖLSKYLDU MYND STÓPA VERKLEI SAGA FRAMM SAGA TENINGUR	GOLF LITUR	SARNA STÓPA SARNA LUBBA	Hafi þú þetta 5 jan 5 jan 5 jan FRAMM SAGA
Lestrarfund/móttón Hljóð vithættur: Uzu					FRAMM SAGA
Hvernig gekk:					
Utvarnar:	<input type="checkbox"/> Fotakafi	<input type="checkbox"/> Motarími	<input type="checkbox"/> Bálberbergi	<input type="checkbox"/> Leiktes	<input type="checkbox"/> Ötters
Umsá með í vikunni:	<input checked="" type="checkbox"/> Málrun/skenska	<input checked="" type="checkbox"/> Starfræði	<input checked="" type="checkbox"/> Listsköpun	<input checked="" type="checkbox"/> Sérfræyfringur	<input checked="" type="checkbox"/> Vettvangsferl
<input checked="" type="checkbox"/> Lubbi	<input checked="" type="checkbox"/> Frændi	<input checked="" type="checkbox"/> Fjölskylda	<input checked="" type="checkbox"/> Fínfræyfringur	<input type="checkbox"/> Annar	
Umsá:	SARNA OG FARNAR GERAN EKKI FJÖLSKYLDUMYND				



Sjöundi áfangi: Verklýsing hópstjóra

Hver hópstjóri fær sína skipulagsbók þar sem rammarnir fara inn í fyrir hverja viku. Í umræðum í hópunum bæði á yngri og eldri deildum kom í ljós að það vantaði skýrari ramma um hvaða skylduverkefni ætti að vinna í hverju þema. Því var ákveðið að setja saman verklýsingu hópstjóra. Þar ætti að koma fram hvaða myndlistarverkefni ætti að vinna á hverju tímabili fyrir sig. Inn í verklýsingum vildu starfsmenn einnig hafa skýrari ramma um vettvangsferðir. Þá kom einnig fram mikilvægi þess að skerpa á hvaða þætti unnið er með hverjum aldurshóp í tengslum við kennsluefnið *Lubbi finnur málbein*. Til að átta okkur betur á því hvað hver árgangur var að vinna skráðu allir hópstjórar sína vinnu í tengslum við Lubbastundir. Starfsmenn skráðu hvernig þær stundir færu fram og hvernig þeir vildu sjá fyrir sér upphaf og endi á þessum stundum. Starfsmenn yngri deilda settu síðan saman í sameiningu hvernig stundir á yngri deildum færum fram og þá varð til skýrari rammi um hvernig ætti að byggja upp Lubbastundir hvers árgangs fyrir sig. Eldri deildir unnu einnig hugmyndir að uppsetningu Lubbastunda þannig að hægt væri að byggja ofan á hvert skólaár hvað unnið væri með hverju sinni.

Skólaárið 2018-2019

Starfslýsing hópstjóra - Börn fædd árið 2013

Skipuleggja hópstarf

Vinna með nafn hópsins öðruhvora yfir allt skólaárið.

- ❖ **Vettvangsferð**
 - > Golfkennsla hjá Keilir.
 - > Heimsækja reglulega fjöruna.
 - > Ferðast um bæinn okkar.
 - > Menningarferðir til Reykjavíkur.
 - > Fara eina ferð í mánuði í Hvaleyrarskóla.
 - > Í apríl/mái fara í heimsókn í alla grunnskóla sem börnin í hópnum koma til með að fara í næsta vetur. Þá þarf ekki að fara sérstaklega í Hvaleyrarskóla.
- ❖ **Stærðfræði**
 - > Tölur og fjöldi.
 - > Flokkun.
 - > Afstöðuhugtak.
 - > Form.
 - > Leggja saman og draga frá.
 - > Einingakubbar.
 - > Numicon.
- ❖ **Salur**
 - > Skipuleggja eftir plani í sal og nýta möppuna.
- ❖ **Myndlist**
 - > Gera skylduverkefni og önnur listaverk, tilefnismyndir (karla- og konukaffi, árstiðir og listaverk tengd öðrum tilefnisdögum/vikum).



Frávik frá áætlun og helstu hindranir

Frávik frá áætlun áttu sér stað þar sem upphaflega var gengið út frá stærra stöðuhlutfalli verkefnisstjóra. Utanaðkomandi aðstæður eins og forföll setja alltaf strik í reikninginn í svona verkefnum. Við sendum þroskajálfa á námskeið Tákni með tali til að nýta með slökustu börnum leikskólans. Við sjáum fyrir okkur að nýta Tákni með tali þegar börnin koma mjög slök út. Hins vegar misstum við þennan stafsmanntil frá okkur nú í ágúst en þá fór viðkomandi í annað starf. Við stefnum hins vegar á það að senda aftur starfsmann á þetta námskeið þar sem við teljum þetta geta hjálpað til við að vinna með orðin í orðakassanum með slökustu nemendum leikskólans.

Við ákváðum að nýta okkur frekar afmælisráðstefnu Ásthildar Bj. Snorradóttur í stað þess að fara í ferð í önnur sveitafélög til að skoða snemmtæka íhlutun. Sú breyting teljum við hafa verið mjög jákvæða enda mörg og góð erindi sem við hlýddum á þar.

Samsetning starfsmannahópsins tók breytingum á meðan á verkefni stóð en það hefur alltaf áhrif á starf leikskólans. Starfsfólk var misjafnlega í stakk búið til að vinna verkáætlanir sínar en með smá breytingum á undirbúningi deildastjóra á yngri deildum þá var hægt að fylgja erlendum starfsmönnum betur eftir til að styðja þá í starfi við sinn undirbúning sem hópstjórar með barnahópi.

Ávinningur af verkefninu

Ávinningur verkefnisins var mikill. Starfsmannahópurinn á eldri deildum hafði verið í mikilli þróun síðustu ár á starfi með elstu börnum leikskólans. Sú þróun hafði ekki skilað sér eins mikið inn á yngri deildir leikskólans. Með verkefninu fengu starfsmenn yngri deilda ákveðið hlutvert í tengslum við þróun skiplagsrammanna. Þeir fengu að koma með endurgjöf á verkefnið og skapa sín á milli umræðu um verkefnið. Með því að gefa hópnum tækifæri, tíma og aukna leiðsögn gekk vel að virkja betur nýtingu skipulagsbókanna. Starfsmenn yngri deilda voru mjög ánægðir með orðflokka-kassana sem fylgdu verkefninu og fóru í mikla þróun á nýtingu þess efnis. Starfsfólk fékk þarna verkfæri sem bæði nýttist til að vinna að auknum orðaforða, nýta í rími, samstöfur, efla einbeitingu og vinnu á fjölbreyttan hátt. Starfsfólk yngri deilda vann í anda lærdómssamfélagsins og þróun í verkefnum



fyrir börnin varð meiri. Starfsmenn upplifðu að vera að þróa starfið sitt og er það mikilvægur þáttur í starfinu að finna að vinnan beri árangur.

Eftir þetta ár hefur umræða átt sér stað um tvítyngdu börnin og þau börn sem koma illa út í skimunarlistanum Orðaskil. Þetta hefur leitt til þess að núna næsta vetur er stefnt að nýjum vinnubrögðum með þessa nemendur. Í lok vetrar ætlum við að skoða aftur hvort að við sjáum breytingar á orðafjölda sem börnin ná að tileinka sér til að fylgja verkefninu enn frekar eftir.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Starfsmenn yngri deilda fengu leiðarbækur til að skrá hjá sér hvernig gengi að skipuleggja samkvæmt skipulagsbókinni/römmunum. Verkefnastjóri fór einnig inn á deildafundi með hvorri deild þar sem farið var yfir hvernig gengi og hvaða þyrfti að bæta og þess háttar. Nokkrum sinnum yfir veturinn fengu starfsmenn yngri deilda nokkrar spurningar sem þau svöruðu í leiðarbækur og létu svo verkefnastjóra hafa til að fá endurgjöf á verkefnið.

Verkefnið hefur ýtt enn frekar undir mikilvægi þess að starfsfólk nýti undirbúningstíma sinn vel. Allir ófaglærðir starfsmenn fá eina klukkustund í undirbúning og þá stund leysir deildarstjóri með því að sinna hóp viðkomandi starfsmanns. Með þessu erum við einnig að bjóða börnum upp á meiri tíma með fagmenntuðum kennurum. Nú í ár hefur sú ósk komið fram að halda undirbúningstímum á yngri deildum með þessu formi en þá nýtast deildarstjórar í að sinna börnunum enn frekar. Starfsmenn með sama aldur fá tækifæri til að skipuleggja sig saman þannig að nemendur í sama árgangi eru að vinna svipuð eða sömu verkefni.

Niðurstöður

Til að skoða hvort að verkefnið bæri einhver árangur ákváðu stjórnendur að skoða hvort að einhver breyting væri á útkomu matslistans Orðaskils meðal barnanna. Niðurstöður fyrir árið 2016 - 2017 voru teknar saman. Niðurstöðurnar komu á óvart en þó helst á þann hátt að fjölgun tvítyngdra barna var mikil milli þessara tveggja árganga. Árið 2016- 2017 voru 30% barnanna tvítyngd en fjölgaði upp í 46% árið eftir. Stúlkunar stóðu sig betur árið 2016 - 2017 heldur en 2017 - 2018



en þá breyttist hlutfall tvítyngdra stúlkna verulega. Börnin sem voru með 200 orð eða fleiri fjölgaði milli þessara ára. 20 % barnanna voru með 200 - orð eða fleiri en þó í áhættu árið 2016 - 2017 en 32% voru með fleiri en 200 orð 2017 - 2018 en samt í áhættuhópnum. Þessar niðurstöður sýna okkur að við þurfum að gera enn betur með tvítyndu börnin og verða þessar niðurstöður nýttar enn frekar í vetur til að vinna betur með grunnorðaforða tvítyngdra barna í leikskólanum. Það er greinilegt að þau börn sem eru að koma í áhættu í Orðaskil skimuninni eru oftast ekki tvítyngd og virðast vanta grunnorðaforða hjá þessum börnum.

Við teljum mikilvægt að kynna þessar niðurstöður vel fyrir starfsmönnum til að geta ýtt undir mikilvægi þess að við gerum betur í vinnu með tvítyngdu nemendurna í vetur.

	Heildar fjöldi	Í áhættu	Utan áhættu	Orðafjöldi						Fjöldi tvítyngdra
				Undir 100 orð	Undir 200 orð	Undir 300 orð	Undir 400 orð	Undir 500 orð	500 -	
2016-2017										
Stúlkur	7	2	5	0	0	0	0	1	1	1
Drengir	3	2	1	0	2	0	0			2
	10	40%	60%	0	20%	0	0	10%	10%	30%
2017-2018										
Stúlkur	8	6	2	1	1	1	1	0	2	5
Drengir	7	2	5	1		1	0	0	0	2
	15	53%	47%	13%	6%	13%	6%	0	13%	46%

Næsta vetur ætlum við að bera niðurstöðurnar aftur saman við þessar tvær mælingar til að fylgja því eftir hvort að við séum að bregðast við með aukinni þjálfun fyrir tvítyngdu börnin.

Starfsmenn voru búnir að nota skiplagsbækur áður en nú er form þeirra komið í betra horf og þemu leikskólans hafa verið dregin betur fram. Starfsmenn hafa nú mun ákveðnari ramma sem þeir vinna eftir og þar er áherslan lögð á að nýta vel þau orð sem tengjast þemunum. Starfið hefur þróast í vetur og starfsfólk er farið að nýta skipulagsrammana enn betur og metnaður starfsmanna hefur aukist. Starfsrammarnir eru komnir til að vera og orðakassarnir eru vel nýttir sem kennslutæki. Við getum því sagt að markmið okkar hafi náðst með verkefninu en sú lærdómshugsun sem var komin í starfið á eldri deildum hefur nú flætt yfir í yngri deildirnar. Það er búið að vera ánægjulegt að sjá hvað mikil þróun hefur verið þar meðal starfsmanna.



Samtaka í sömu átt
- eflum orðaforða og málskilning

Leikskólinn Vesturkot
Lífsgleði-Leikur-Leikni
Miklaholt 1, 220 Hafnarfjörður
Sí: 565-0220
vesturkot@hafnarfjordur.is
www.leikskolinn.is/vesturkot

Kynning á verkefninu

Til að kynna verkefnið fyrir leikskólasamfélaginu okkar munum við kynna verkefnið fyrir foreldrum leikskólans í október þegar foreldrafundur verður haldinn.

Verkefnið hefur þegar verið kynnt í hópi læsistengla í tengslum við Læsisstefnu Hafnarfjarðar.


Verkefnið verður kynnt fyrir stjórnendum í leikskólum Hafnarfjarðar í vetur.

Við erum þakklát fyrir styrkinn frá Sprotasjóði og teljum þá vinnu sem hefur átt sér stað í vetur hafi gert góðan leikskóla enn betri.

Dagsetning: 27. ágúst 2018



Undirskrift verkefnisstjóra



Undirskrift skólustjóra ábyrgðarskóla



Fylgiskjöl

Ég sjálfur og fjölskyldan mín

Hugmyndir starfsmanna Vesturkots um hvernig við getum unnið með hvert þema út frá dagskipulagi, námsþáttum og þroskaþáttum - samantekt vetrarins.

- Teikna mynd af öllum í fjölskyldunni
- Ræða um mismunandi fjölskyldugerðir
- Ræða um systkini og aldur, ömmu og afa, frændur og frænkur, afasystir og móðurbróðir o.s.frv.
- Ræða um fjölda í fjölskyldunni og hvar foreldrarnir vinna
- Koma með mynd að heiman af fjölskyldunni
- Sönglög:
 - ✓ Afi minn og amma mín
 - ✓ Afi minn fór á honum Rauð
 - ✓ Sigga litla systir mín
 - ✓ Allir krakkar
 - ✓ Systa mín litla
 - ✓ María systir
 - ✓ o.fl.
- Bækur:
 - ✓ Lóa og Lubbi í heimsókn hjá afa og ömmu
 - ✓ Geiturnar þrjár
 - ✓ Grísirnir þrír
 - ✓ Rauðhetta
 - ✓ Gullbrá og birnirnir þrír
 - ✓ o.fl



Ég sjálfur og líkaminn minn

Hugmyndir starfsmanna Vesturkots um hvernig við getum unnið með hugtakið út frá dagskipulagi, námsþáttum og þroskaþáttum.

- Fara reglulega yfir líkamsheitin með börnunum. Sniðugt að fara í leiki með líkamsheiti t.d. „nú ætla að setja hendur á axlir“ o.s.frv.
- Tala um hvað gerir okkur lík og hvað ólík.
- Tala um okkar sérkenni.
- Fjalla um skynfærin okkar - lykt, bragð, sjón, heyrn og snertingu.
- Gera sjálfsmynd - börnin teikna á blað með blýanti mynd af sjálfu sér. Kennari setur lím á útlínurnar og sandi er stráð yfir. Þegar það er þornað er afgangssandi sturtað af og útkoman flott sjálfsmynd sem svo er t.d. sniðugt að vatnslita.
- Telja tær og fingur.
- Nudd og snerting. Börnin nudda hvert annað.
- Teiknam mála og klippa út útlínur líkamans á maskínupappír.
- Teikna líkamsparta og tengja saman með snæri.
- Teikna og kríta úti líkamann sinn á stéttina.
- Fræðsla um hreinlæti í hópatíma.
- Teikna/mála/stimpla hendur og fætur.
- Mála með fingrunum á spegil með vatnspynntri málningu.
- Setja hveiti á borð eða gólf og gera för í það.
- Vinna með leir.
- Notaðu fataklefann í að kenna líkamsheiti þegar verið er að klæða börnin í og úr.
- Leggja mikla áherslu á sjálfshjálpa.
- Fjalla um tilfinningar og hafa orð á því hvernig okkur líður. Skoða ýmis svipbrigði í spegli. Setja upp ákveðinn svip og spyrja börnin hvernig mér líður. Gera greinarmun á að vera leiður/reiður/hræddur/hissa/glaður o.s.frv. Útskýra að allar tilfinningar eiga rétt á sér en það þarf stundum að hjálpa manni að vinna úr þeim.
- Æfingar með líkamann - teygja handlegg, hrista fætur, setja öxl í gólfið, setja höfuð að bringu.



Samtaka í sömu átt
- eflum orðaforða og málskilning

Leikskólinn Vesturkot
Lífsgleði-Leikur-Leikni
Miklaholt 1, 220 Hafnarfjörður
Sí: 565-0220
vesturkot@hafnarfjordur.is
www.leikskolinn.is/vesturkot

- Lög um líkamann: Höfuð, herðar, hné og tær, Þulan um líkamann, Hreyfa litla fingur, Ég ætla að syngja, Við klöppum öll í einu, Ég er furðuverk, Þumalfingur er mamman.
- Bækur: Dísa, Soffía, frá toppi til tár, Yoga bækur, ýmsar handbækur og fleira.



Ég sjálfur og umhverfi mitt

Hugmyndir starfsmanna Vesturkots um hvernig við getum unnið með hugtakið út frá dagskipulagi, námsþáttum og þroskaþáttum.

Vettvangsferðir:

- Finna leynistað með hópnum og fylgjast með hvernig hann breytist á milli árstíða.
- Kanna hverfið, götuna, húsin og náttúruna.
- Skoða hraunið.
- Skoða fjöruna.
- Skoða litina í náttúrunni.
- Skoða skýin.
- Hafa bundið fyrir augu og skynja náttúruna með öðrum skynfærum en sjóninni. Hvaða hljóð heyrum við? Hvernig er að snerta náttúruna? Hvaða lykt finnum við? Hvernig bragðast hún?
- Tína rusl og flokka það.
- Telja bíla, glugga, hurðir, liti o.fl.
- Skoða formin í náttúrunni, þ.e. grunnforminn - þríhyrning, hring, ferning/ferhyrning. Hvaða form er á sólinni? En á steininum?
- Vinna sögur í tengslum við vettvangsferðina.
- Teikna það sem börnin sáu í ferðinni.
- Teikna landslagsmyndir í náttúrunni.
- Gera listaverk úr ýmsum verðmætum sem fundust í ferðinni.
- Gera listaverk „skúlptúr“ í náttúrunni úr efniviðnum sem þar er.

Bækur:

- Sögur um dýr og ferðalög.
- Ýmsar handbækur, s.s. um plöntur, dýr og fleira.

Sönglög:

- Nú er úti norðanvindur, Írigningu ég syng, Skýin, sólin er risin, lög um dýrin, Vorvísu Íðu, Vikivaki, Krakkar út kátir hoppa o.fl



Samtaka í sömu átt
- eflum orðaforða og málskilning

Leikskólinn Vesturkot
Lífsgleði-Leikur-Leikni
Miklaholt 1, 220 Hafnarfjörður
Sí: 565-0220
vesturkot@hafnarfjordur.is
www.leikskolinn.is/vesturkot

Sýnishorn af verkkrömmum

Pema : Ég sjálfur og líkaminn minn						
Vika: 8. - 12. okt	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Bækur og sönglög	
Líkaminn						
Andlit	auga					
augabrúnnir	enni					
eyra	haka					
háls	hár					
höfuð	kinn					
munnur	nef					
tunga	tönn		Dagur			
varir	öxl		stærðfræðinnar			
Lestrarstund/málörvun: Hljóð vikunnar: I i - Yý					Föstudagur	
Umræður:					Bleikur dagur	
	<input type="radio"/> Fataklefi	<input type="radio"/> Matartími	<input type="radio"/> Baðherbergi	<input type="radio"/> Leiktími	<input type="radio"/> Útivera	

Unnið með í vikunni:

Dagur stærðfræðinnar

Málörvun/islenska _____ Stærðfræði _____ Grófhreyfingar _____

Lubbi _____ Listsköpun _____ Vettvangsferð _____

Bassi _____ Finnhreyfingar _____ Annað _____

Annað: _____

Pema : Ég sjálfur og fjölskyldan						
Vika: 2. - 4. jan	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Bækur og sönglög	
Persónur						
mamma	pabbi					Hafa í huga þrettándann sunnud. 6. jan
afi	amma					
bróðir	börn					
systir	systkin					
ég	þú					
stelpa	strákur					
kona	maður					
fjölskylda	við					
frænka	frændi					4. jan Dóta- og sparifátadagur
ungabarn	krakkar				Föstudagur	
Lestrarstund/málörvun: Hljóð vikunnar: Ekkert þessa viku						
Umræður:						
	<input type="radio"/> Fataklefi	<input type="radio"/> Matartími	<input type="radio"/> Baðherbergi	<input type="radio"/> Leiktími	<input type="radio"/> Útivera	

Unnið með í vikunni:

Málörvun/islenska _____ Stærðfræði _____ Grófhreyfingar _____

Lubbi _____ Listsköpun _____ Vettvangsferð _____

Bassi _____ Finnhreyfingar _____ Annað _____

Annað: _____